

er gengið var til atkvæða um ávarpið, og greiddu eigi atkvæði, svo ekki voru þrír hlutir þingmanna þá eptir í salnum, en þetta hefir forseti vottað í bræfi því, er hann sendi yður ávarpið með.

Um þetta gefst yður til vitundar sem konungsfulltrúa á alþingi, sem nú fêr í hönd, að þarêð hið svo nefnda þegnlega ávarp eigi er löglega samþykkt af alþingi, hefir það eigi verið fallið til þess að konungur svari því.

1871.

24. maí.

36. Brêf dómismálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um lóð handa hegningarhúsinu í Reykjavík.

24. maí.

Þarsem þêr, herra stiptamtmaður, í brêfi 2. þ. m. meðal annars hafið farið þess á leit, að yður verði veitt heimild til að kaupa tiltekna lóð og grjót það, sem á henni er, að steinhöggv-ara Sverri Runólfssyni fyrir 35 rd., með því þar mætti fá bygg-ingarlóð handa hegningarhúsinu, sem á að byggja, og væri lóðin 80 áln. á lengd með fram hinum nýja þjóðvegi, Skólavörðuveginum, veitir stjórnarráðið yður hêrmeð þessa heimild, sem þêr hafið beðið um.

37. Brêf dómismálastjórnarinnar til konungsfulltrúa á alþingi, um löggilding almennra lagaboða á Íslandi, sem út komu í Danmörku á árunum 1869 og 1870.

24. maí.

Með brêfi þessu sendir dómismálastjórnin yður, herra stipt-amtmaður, sem konungsfulltrúa á alþingi, eitt exemplar af hverju hinna almennu lagaboða, sem út hafa komið í Danmörku á árunum 1869 og 1870, svo að alþingi gefist tækifæri til á næsta þingi að íhuga, hvort við eigi að löggilda nokkurt af laga-